

**16. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
5. febrúar 2021, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Þorbergur Kjartansson og Bragi Þór Thoroddsen.

Fundargerð ritaði: Samúel Kristjánsson, .

1. Nesvegur 7 - 2101001

Tekið fyrir tölvupóstur frá Jónþór Eiríkssyni f.h. Kolbeinseyri ehf dags 21.01.2020 þar sem óskað er að nýju efir stækkun á lóð við Nesveg 9 sem nemur stærð lóðar við Nesveg 7. Jafnframt lagður fram tölvupóstur frá Raggagarði dags. 30.01.2021 er varðar lóð við Nesveg 7.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að Kolbeinseyri ehf fái til afnota til 10 ára helming lóðar við Nesveg 7 sem liggur að Nesveg 9.

Sveitarstjóra falið að gera afnotasamning.

Samþykkt

2. Svæði undir garðaúrgang í Súðavíkurbreppi - 2102010

Tekið fyrir framtíðarskipulag fyrir garðaúrgang og annan óvirkan úrgang frá sveitarfélaginu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd ræddi nokkra möguleika, frestar málinu til næsta fundar.

Frestað

3. Jarðgöng á Vestfjörðum - 2102009

Tekið fyrir minnisblað frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Vestfjarðarstofu dags. 8. janúar 2021 ásamt skýrslu: Vestfirðir, Jarðgöng og aðrar samgöngubætur til 2050 unnin af Hreini Haraldssyni.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur heilshugar undir bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 4. febrúar 2021 er varðar forgangsröðun jarðgangakosta á Vestfjörðum.

Nefnin leggur til að Súðavíkurgöng verði fyrsti valkostur, slík göng verða að tryggja öryggi vegfarenda um veg sem nú liggur um Kirkjubólshlið og Súðavíkurlíð, svo ekki sé minnst á eitt atvinnusvæði og aðföng milli norðanverða Vestfjarða. Styttri göng uppfylla ekki nægjanlega öryggi vegfarenda.

Súðavíkurgöng eru á samgönguáætlun 2020-2034 og hafa verið til umræðu sl. áratugi. Nefndin leggur áherslu á greiðar samgöngur að og frá Vestfjörðum og styrkingu Vestfjarðaleiðar.

Samþykkt

4. Úrgangsmál á Vestfjörðum - 2102008

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni fyrir hönd Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags. 19. janúar 2021 er varðar drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 og drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að sameiginlegur fundur verði haldinn með sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Samþykkt

5. Almenningsamgöngur - 2102007

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að þeir einstaklingar sem sækja skóla, tómstundir og vinnu milli byggðarlaga geti sótt um samgöngustyrk. Kannað verði með útfærslu hvaða hópar gætu fallið þar undir.

Samþykkt

6. Framkvæmdir í Reykjanesi - 2102006

Lagður fram tölvupóstur frá Rúnari Brynjólfssyni dags. 4. janúar 2021 með myndum af steypubrotum í Reykjanesi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að kanna hvort framkvæmdir í Reykjanesi séu byggingarleyfisskyldar.

Samþykkt

7. Fyrirspurn um aðalskipulag - 2102004

Teknir fyrir tölvupóstar frá Önnu Berit frá 13. janúar 2021 og 19. janúar 2021 ásamt svarpósti frá sveitarstjóra dags. 19. janúar 2021 er varðar minnisblað um vatnsréttindi í Súðavíkurbhreppi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 11:30.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Samúel Kristjánsson

Þorbergur Kjartansson
